

## Fundargerð aðalfundar Félags fornleifafræðinga 2013

Aðalfundur Félags fornleifafræðinga var haldinn miðvikudaginn 6. nóvember kl. 20 í sal ReykjavíkurAkademíunnar JL-húsinu, Hringbraut 121.

### Fundargerð:

Boðið var upp á kaffi og kex fyrir fundinn. Kristborg Þórsdóttir meðstjórnandi skráði mætingu aðalfélaga og afhenti þeim atkvæðaseðla. Aðalfélagar fengu tvo litaða miða til þess að skýrt væri hverjir hefðu atkvæðisrétt, annar seðilinn var fyrir kosningu í ritnefnd Ólafíu og hinn fyrir kosningu um merki félagsins.

Ármann Guðmundsson formaður var tilnefndur fundarstjóri og samþykktur með lófataki. Albína Hulda Pálsdóttir ritari var tilnefnd sem fundarritari og samþykkt með lófataki.

1. Skýrsla liðins árs. Ármann Guðmundsson formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar. Spurt um svarbréf MMR, Birna skýrir frá því að á fundi með aðstoðarmanni forsætisráðherra sem hún og formaður fóru á daginn áður hafi verið góðar umræður og skilningur á stöðu Fornminjasjóðs. Þar hafi einnig komið fram að forsætisráðuneytið liti þannig á að mennta- og menningarmálaráðuneytið ætti að ljúka málum er viðkoma skýrslunni. Bréfinu frá MMR var dreift á fundinum og það verður birt á heimasíðu félagsins á næstu dögum.

2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins. Sigurjóna Guðnadóttir og Sólrún Inga Traustadóttir tilnefndar sem endurskoðendur og samþykktar með lófataki. Reikningar félagsins samþykktir með lófataki. Þeir verða einnig birtir á heimasíðu félagsins.

3. Nýir félagar samþykktir. Albína sagði frá vinnu við félagatal. Spurt var hvort félagatal yrði birt á heimasíðu félagsins. Það hefur ekki verið tekin afstaða til þess innan stjórnar en er eitthvað sem þarf að skoða. Elín Ósk Hreiðarsdóttir spurði hvort algengt væri að félög birtu félagatöl sín á netinu en það er það ekki eftir því sem stjórnarmenn þekkja til. Ef félagsmenn vilja sjá félagatalið verður stjórn við því. Aðalfélagar eru hvattir til að senda inn afrit af prófskírteinum til þess að hægt að ganga úr skugga um að allt sé rétt skráð. Bjarni F. Einarsson spyr hvort farið verði yfir félagatalið því ljóst sé að í því eru villur. Albína svarar að unnið sé að því að leiðrétta félagatalið og að sjálfsögðu geta einungis þeir sem hafa prófskírteini í fornleifafræði frá háskóla verið fullgildir aðalfélagar líkt og kveðið er á um í lögum félagsins.

4. Ritnefnd Ólafíu kosin: Sigurjón Baldur Hafsteinsson kynnti áætlun um 6. hefti Ólafíu og las upp spurningar sem leitast verður við að svara í þessu hefti. Haft hefur verið samband við nokkra höfunda og eru þeir farnir að vinna að greinum. Guðrún Whitehead sem er að ljúka doktorsprófi í safnafræðum í Bretlandi og er sérfræðingur í framsetningu víkingaminja og Sólrún Inga Traustadóttir eru tilnefndar sem fulltrúar í ritnefnd af hálfu Sigurjóns. Málstofan frá NordicTAG verður grunnur að heftinu, Guðmundur Ólafsson og Skúli Björn Gunnarsson á Skriðuklaustri voru til dæmis með erindi þar og munu rita grein. Gengið var til atkvæða í

skriflegri kosningu í samræmi við lög félagsins. 22 félagsmenn með atkvæðisrétt greiddu atkvæði og voru þær Guðrún og Sólrún samþykktar í ritnefnd með öllum greiddum atkvæðum, engir seðlar voru auðir eða ógildir.

5. Kosið um félagsgjöld 2014. Stjórn leggur fram tillögu um að félagsgjöld verði 3000 kr fyrir aðalfélaga en 1500 kr fyrir aukafélaga. Nemar borga gjald í samræmi við félagsaðild og fá ekki afslátt af félagsgjöldum. Spurt hver félagsgjöld gömlu félaganna voru, félagsgjöld FFÍ voru 3000 kr og 1500 kr fyrir aukafélaga en í FÍF 2000 kr fyrir aðalfélaga en engin fyrir aukafélaga. Tillögur stjórnar að félagsgjöldum voru samþykkt með lófataki.

## 6. Önnur mál

- **Málþing 6. desember.** Birna segir frá málþingi FF í Þjóðminjasafni. Þema málþingsins verður kuml og haldið á afmælisdegi Dr. Kristjáns Eldjárns. Kristján Mímísson kemur með athugasemd um að það hefði verið eðlilegt að bjóða öllum félagsmönnum að senda inn tillögur að erindum, það hafi verið vinnuregla í FFÍ. Stjórnin tekur þessa athugasemd til sín og þetta verður haft í huga í framtíðinni. Guðlaug Vilbogadóttir kemur með athugasemd að það sé vont að þetta sé virkur dagur og erfitt fyrir þá sem eru í vinnu að komast frá. Þjóðminjasafnið stakk um á deginum og helgar henta ekki öllum heldur auk þess sem fyrirlestrarsalur Þjóðminjasafnsins er mjög umsetinn. Málþingið verður tekið upp í heild sinni og birt á vef Þjms og settir tenglar á heimasíðu FF. Endanleg dagskrá verður vonandi kynnt núna eftir helgi.
- **Vinnuhópar.** Ármann kynnir hugmynd um vinnuhópa sem kom fram á félagsfundi í júní. Þær hugmyndir sem komið hafa fram eru um staðla og skýrsluskrif. Hafa meira samtal á milli FF og t.d. MÍ að við getum komið með góðar hugmyndir að fyrra bragði í stað þess að vera í vörn.
- **Löggilding.** Stjórn stefnir á að fara að vinna í þessu máli af fullum krafti á næsta ári. Mikilvægt að reyna að fá botn í þetta mál. Hluti af því er að halda áfram að þrýsta á um að skilgreindur verði starfsmaður í forsætisráðuneytinu til að sjá um okkar málaflokk.
- **Siðareglur.** Í sameiningarferlinu var mikil vinna lögð í vinnu við siðareglur en á stofnfundi voru þær ekki samþykktar en siðanefnd FF falið að vinna málið áfram. Við höfum grunninn sem unninn var í sameiningaferlinu og það er stefnt að því að siðareglur félagsins verði samþykktar á næsta aðalfundi FF. Mikilvægt að siðareglurnar séu vel unnar. Kristján Mímísson og Gavin Lucas eru í siðanefnd FF. Það kom gagnrýni frá báðum félögum á siðareglurnar og nokkur gagnrýni einnig frá Siðfræðistofnun HÍ meðal annars um að mikilvægt væri að siðanefndin semdi sér skýrar vinnureglur sem lægju ljóst fyrir við samþykkt siðareglna. Stjórn þarf að hitta Siðanefnd og koma þessu máli í farveg. Bjarni F. Einarsson bendir á að það væri hægt að samþykkja siðareglur á aukaáðalfundi enda bagalegt að þurfa að bíða eftir þeim í heilt ár. Er Siðanefnd tilbúin til þess að taka að sér þá vinnu að fara yfir þær tillögur að siðareglum sem til eru og semja sér verklagsreglur? Stjórn mun fara í þetta mál af krafti á næstu vikum.

- **Félagsskírteini.** Mikilvægt fyrir félagið að fá félagsgjöld inn snemma á árinu. Stjórn leggur til að frestur til að greiða félagsgjöld verði 31. janúar 2014 og þeir sem greiði fyrir þann tíma fái félagsskírteini. Bjarni F. Einarsson spyr hvað verði sett á skírteinið sjálft. Stjórn hefur rætt að þetta verði einfalt kort, merki félagsins, nafn félagsmanns og kennitala og mögulega starfsheiti. Bjarni bendir á að á skírteini félags Safnamanna sé einnig enskur texti sem hvetur söfn erlendis til að veita handhafa ókeypis aðgang. Stjórn tekur undir að það sé þess virði að skoða eitthvað slíkt. Garðar bendir á að það sé einnig hægt að senda fólki skírteini til að prenta út sjálft. Hugsanlega væri hægt að sýna gildistíma með límmiða á kortinu líkt og margir gera. Mikilvægt er að halda kostnaði við skírteinin í hófi og helst koma þeim til meðlima án þess að þurfa að senda þau í pósti. Stjórn mun halda áfram þessari vinnu.
- **Ólafía V.** Kristján Mímisson kynnir. Allar greinar komnar inn nema ein sem Kristján vill gjarnan hafa með. Erfitt hefur reynst að finna þýðendur að tveimur dönskum greinum sem lagt hefur verið upp með frá upphafi að væru í ritinu, grein eftir Ólafíu sjálfa og hluta úr grein Thomsens um tímatafsfræði. Sice Juel Hansen býðst til að reyna við þýðinguna ef hún fær einhvern með sér til að skrifa textann á íslensku. Bjarni hefur einnig boðist til að aðstoða með þýðingu. Albína og Eva Kristín Dal bjóðast til að hjálpa Sice með þýðinguna á Thomsen. Elín Ósk Hreiðarsdóttir spyr hvaða höfundar séu með greinar. Höfundar eru: Bjarni F. Einarsson, Magdalena Schmied, Gavin Lucas, Þóra Pétursdóttir, Kristján Mímisson skrifar inngangsorð.
- **Kosning um merki félagsins:** Kristborg kynnir vinnu dómnefndar. Það komu 12 tillögur til Ármanns sem voru svo sendar til dómnefndar undir dulnefni.

Tillögur dómnefndar sem kosið var um á aðalfundi Félags fornleifafræðinga:



11.

Dulnefni: Galder

Skyring:

Merkið er byggt upp á hinu tígullaga grafskeiðarformi. Þetta merki sýnir í raun fjögur slík form sem eru klofin í miðju af ör sem vísar fram veginn. Uppsetningin formanna vitnar í íslenskt landslag, þ.e. jörð og berangur, grösug fjöll og heiðar sem speglast í vötnum.

Kostir: Þetta merki er formfagurt og litríkt. Grafskeiðarformið hefur sterka vísun í störf fornleifafræðinga og er það eins konar einkennisverkfæri stéttarinnar. Litirnir vísa í

fjölbreytta náttúru Íslands, það umhverfi sem flestir fornleifafraeðingar á Íslandi lifa og hrærast í. Getur gengið í lit og svarthvítu.

Ókostir: Er nokkuð flókið merki. Fallegra væri ef örvaroddurinn væri fjarlægður og ef til vill mætti breyta um leturgerð á nafni félagsins.



6.

Dulnefni: Niklas Engelin

Kostir: Merkið er einföld samsetning á tveimur F-um sem fléttast saman og sýnir á táknrænan hátt sameiningu gömlu félaganna tveggja í eitt sterkt félag.

Ókostir: Útfærslan er nokkuð gróf og mætti taka út rammann í kringum stafina. Einnig þarf og breyta gerð stafanna sem fléttast saman og gera merkið ögn fagaðra.



3.

Dulnefni: Lars Göran Petrov

Kostir: Einfalt og stílhreint. Sýnir tvö F þétt saman, skammstöfun félagsins, en einnig táknrænt fyrir samruna eldri félaganna tveggja.

Ókostir: Kannski of einfalt og stílhreint og skortir frumleika. Þyrfti að færa F-in aðeins í sundur svo sjáist betur að um tvö F sé að ræða.

Umræður um merki: Bjarni F. Einarsson spyr af hverju ekki hafi öll merkin verið lögð til atkvæðagreiðslu. Þetta mál var mikið rætt á stjórnarfundum og stjórnin var sammála um að dómnefnd myndi velja úr tillögum fyrst svona margar tillögur bárust. Spurt er hvort hægt sé að sjá tillögu 3 í svarthvítu, það var hægt en stjórn bendir á að það merki sem yrði fyrir valinu yrði unnið frekar í samráði við höfund bæði í lit og svarthvítu, það tókst að sýna merkið í svarthvítu. Spurt um skýringu höfundar með tillögu 3 en það var eina tillagan sem komst í úrslit sem var með skýringu. Guðlaug Vilbogadóttir bendir á að tillaga tvö geti vísað í rústateikningar. Elínu Ósk Hreiðarsdóttur finnst litirnir í tillögu 3 fallegir en er hrædd um að margir sjá ekki sýmbólismann í því. Það er til merki svipað tillögu 2 en það er algengt að ákveðin þemu séu nýtt í mörgum merkjum. Guðmundur Ólafsson telur að vinna þurfi allar tillögurnar betur og eru flestir fundarmenn sammála því. Bjarni bendir á að tillaga 2 gæti verið falleg í rústraudum lit. Eftir umræður var gengið til atkvæðagreiðslu með bláum miðum, 22 félagar á fundinum hafa atkvæðisrétt.

Tillaga 1 fékk 7 atkvæði

Tillaga 2 fékk 3 atkvæði

Tillaga 3 fékk 10 atkvæði

Auðir og ógildir voru 2.

Ármanntilkynti hver stóð að baki dulnefninu Galder en það var Kristján Mímisson sem sendi inn tillögu 3 og hlaut í verðlaun bók Sigfúsar Eymundssonar. Unnið verður með tillögu 3 áfram í samráði við höfund og það verður nýtt merki Félags fornleifafræðinga.

Það komu inn 12 tillögur frá sex einstaklingum. Tillaga 2 kom frá Stefáni Ólafssyni og tillaga 1 var frá Evu Kristínu Dal.

- Almennar umræður.
  - Birna segir frá vinnu sem er í gangi með Sagnfræðingafélaginu og Félagi þjóðfræðinga um að þrýsta á forsætisráðuneytið að gera þjóðmenningarhugmyndum skil.
  - Guðbjörg Melsted bendir á að ef til vill sé rétt að fara að vinna undirbúningi að 7. hefti Ólafíu. Stjórn tekur undir þetta og þetta verður skoðað.
  - Fyrirlestrarröð á vegum FF, stjórn mun væntanlega auglýsa eftir tillögum að fyrirlestrarröð á næstu dögum.
  - Stjórn stefnir á að eiga annan fund með Minjastofnun á næstunni og þá með forstöðumanni og er stefnt að því fljótlega. Birna hefur þær upplýsingar að almennileg heimasíða MÍ verði komin í loftið í lok nóvember.
  - Stefnt er á opinn fund með nemum í fornleifafræði við HÍ í janúar.
  - Elín Ósk Hreiðarsdóttir hvetur stjórn til að halda félagsmönnum vel upplýstum um hvernig gengur í vinnu með fjárlög og skýrslu.

Fundi slitið kl. 21.50

Fundargerð ritaði Albína Hulda Pálsdóttir.